

Karlar kúga konur í nafni ástarinnar Kúgunarástareiturduldin

Berglind Rós Magnúsdóttir er kvenfrelsunaruppeldisfræðingur, sem víða hefur sett mark sitt á samfélagið. M.a. fékk forsætiskvenfrelsari Íslendinga, Katrín Jakobsdóttir, hana í ritstjórn hóps, sem skrifaði „Kynungabók,“ leiðbeiningar um kynjafræðikennslu í íslenskum skólum. Aukin heldur kom Berglind Rós að ritstjórn bóka um kvenfrelsunarrannsóknir, sem beinast að íslenskum skólum, „Kynjamyndir í skólaskrifum.“ Þar segir Berglind Rós m.a.:

„Hér er gengið út frá því að hugtakið greind sé menningarlega og félagslega mótað hugtak sem eigi sér misjafna merkingu eftir menningu, umhverfi og hópum. ... með skírskotun til greindarhugtaksins hefur alls kyns misrétti í skólakerfinu verið réttlætt. Til að mynda fengu stúlkur og konur mun síðar en karlar aðgang að menntastofnunum því ekki var litið á þær sem skynsemisverur...“ ...

„Rannsóknir hafa sýnt að löng skólaganga og góður námsárangur stelpna virðist ekki nægja til að öðlast sams konar virðingu og völd og drengir þegar út í atvinnulífið er komið...“

Berglind Rós fræðir lesanda ekki um, hvaða rannsóknir er um að ræða. Það er vottur af sannleika í því, að greind mótist eftir umhverfi. Hins vegar er enginn fótur fyrir, að hún sé í eðli sínu misjöfn eftir kynjum, enda þótt hún dreifist mismunandi meðal þeirra.

Berglind Rós heldur áfram: „Ekki er hægt að tala um hugtökin karlmennska og kvenleiki ... slíka tvíhyggju er hægt að rekja allt aftur til Aristótelesar [forngrískur heimspekingur] en hann lagði áherslu á að karlinn væri hið eiginlega kyn, viðmiðið, en konan aðeins ófullkomin mynd af manninum eða frávik frá viðmiðinu....

Talið var að karlinn stjórnaðist af skynsemi en konan af líkama og tilfinningum. Hann væri sterkur, aktífur og harður af sér en hún veikgeðja, hræðslugjörn og óvirk (e.passive). ... Þegar skólaganga kvenna var loks viðurkennd sem nauðsyn einkenndist menntun af þessum hugmyndum.“ (Sótt í pistil minn: Kynjamyndir í skólaskrifum 6: Drengir, kvenvísindi og karlar í útrýmingarhættu.)

Þetta er reyndar staðlaður kvenfrelsunarfræðimannalestur á fræðum Aristótelesar, vitaskuld án tilvitnana eða upplýsingar um þá staðreynd, að fyrir 2500 árum eða svo,

var frjógungun meðal spendýra ekki þekkt. Hugmyndir Aristótelesar mótuðust af þekking hans samtíðar eins og gefur að skilja, þ.e. að stundum falli fræ í ófrjóa mold eða vonda, og spíri yfirhöfuð ekki. Þetta lýsir skilningi og lestri kvenfrelsunarfræðimanna á heimssögu og alvöru vísindum í hnotskurn. Skilningsljósið er sjálfgefin bábilja um kúgun karla, sprottin úr bækludum hugsa nokkurra forsprakka þeirra, sbr. yfirlýsingu kvenfrelsunarráðstefnunnar í Seneca Falls árið 1848:

Í aðfaraorðum téðrar yfirlýsingar stendur: „Saga mannkyns er saga um rangindi og valdarán af karla hálfu gagnvart konunni í þeim beina tilgangi að stofna til fullkominnar ógnarstjórnar yfir henni.“

Forsprakki ráðstefnunnar, yfirstéttarfrúin, Elizabeth Cady Stanton (1815-1902), sagði m.a.: „Karlinn er þrunginn tortímingu; harðneskjulegur [og] sjálfsekskur. Hann unnir stríði, ofbeldi [og] sigurvinningi, miklast af sjálfum sér og leggur að fótum sér. Eins og í hinum veraldlega heimi sáir hann í siðferðið ósætti, glundroða, sjúkdómum og dauða.“ ... „Yfirburðir kynferðis okkar sem kvenna eru óendanlegir.“

Kvenfrelsunarfræðingar virða hins vegar ekki viðlits hugmyndir kennara Aristótelesar, Platós, um jafna þátttöku kynjanna í samfélaginu, þrátt fyrir kynjamuninn. Það hentar illa bábiljufræðunum eins og allt það, sem brýtur í bága við trúarbrögð þeirra.

Boðskapur Elísabetar varð grunnurinn að þeirri grimmilegu baráttu gegn karlmönnum, feðrum og drengjum, sem skipulögð var með svokallaðri annarri bylgju kvenfrelsunar. Hún var/er fjármögnuð af sömu öflum, sem vilja samfélagsskipan okkar og kynskilning feigan, m.a. annars svo auðveldi megi yfirráð yfir lýðnum og fækka mengandi mannkyni. Enda endurspeglast slíkar hugmyndir og barátta í kvenfrelsunarfræðum og kvenfrelsunarstjórnámum, þ.e. karlfækkunar- og græningjastefnu. Það kemur varla á óvart, að VG og Katrín Jakobsdóttir séu þar í fremstu víglínu og hossað til lýðræðislega, óverðskuldaðra áhrifa af Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki.

Krista Leighanne er dáður kvenfrelsari eins og Berglind Rós og Katrín Jakobsdóttir. Hún segir m.a.:

„Sett er fram tillaga um frumkvæði til fólksfækkunar á heimsvísu. Hún mun á nokkrum áratugum leiða til þess, að karlmenn verði um það bil eitt til tíu af hundraði [mankyns], í þeim tilgangi að stuðla að friði og grósku í veröldinni.“ Haldið verður upp á alþjóðlegan geldingardag karla. (Bill Gates vonast til, að

bóluefnaframleiðendum takist að fækka mannkyni um 15% í þeirri bólusetningarhrinu, sem nú stendur yfir.)

Það er nefnilega svo, að: „Dauðir karla ljúga ekki. ... Dauðir karlar nauðga ekki. ... Leiðin til hjarta karlsins liggur í gegnum brjósthol hans. ... Skotfæri eru af skorum skammti. Það eru ekki karlar.“ Og enn er af nógu að taka af skemmtilegum fróðleiksmolum úr kvenfrelsunarfræðunum.

Hérna skrifar Berglind Rós pistil fyrir RÚV um áttæða fræðamóður sína, Önnu Guðrúnu Jónasdóttur. „Anna Guðrún fluttist til Svíðþjóðar með eiginmann, tvö börn, kennarapróf og reynslu í farteskinu og hefur búið þar æ síðan.“ (Það gæti verið ódýrara að ferðast með eiginkarla sína í farangrinum, en það fylgir ekki sögu Berglindar Rósar.)

Við lestur pistilsins er erfitt að átta sig á, hvor segi hvað, en mér skilst, að þessi mikli fræðimaður hafi samið kenningu um „ástarkraftinn,“ sem karlar beita til að kúga konur.

Anna Guðrún flutti um þetta „mikilvægt erindi“ á Íslandi 1985. Hafi ég skilið ruglingslegan orðavaðal rétt, eru eftirfarandi orð afmælisbarnsins:

„Það verður að einangra hið kynferðislega frá allri annarri tilveru okkar og athöfnum – það er erótíkin sjálf sem ég er að tala um. Með orðinu „erótík“ á ég við miklu meira en þau kynferðislegu samskipti karla og kvenna sem eru forsendan fyrir framgangi lífsins. [...]

Ég set mér fyrir sjónir að í erótíkinni leysist úr læðingi orka. Þessi orka hleður fólk ef svo má segja og hún færir einnig á milli fólks. Þetta hefur geysimikla þýðingu fyrir samskipti okkar við annað fólk og hvernig við skipuleggjum umhverfi okkar.“ ...

„Við höfum líkamlega þörf hvert fyrir annað og þessi líkamlega þörf hefur áhrif á sálina. Á sama hátt höfum við sálræna þörf hvert fyrir annað og sálin býr í líkamanum.“ ...

„Samkvæmt þeim [samfélagsnormunum] eiga karlar rétt á ást kvenna, umhyggju þeirra og athygli. Það er einnig réttur karla að láta undan þörfinni fyrir konur og þeir eru frjálisir að því að taka það sem þeir þurfa. Réttur kvenna er hins vegar sá að mega gefa af sjálfum sér. Frelsið og hinn óskráði réttur til að taka handa sjálfum sér er

takmarkað. Karlar geta þannig stöðugt lagt hald á meira af lífsorku kvenna en sem svarar því sem þeir sjálfir láta af hendi rakna til kvenna. Með þessu orkustreymi frá konunum byggja karlar sig upp sem athafnasama þjóðfélagsþegna og þeir nota þessa tilvistarorku líka til að viðhalda og endurnýja yfirráðin yfir konunum.“

Þá hef ég loksins fengið skýringu á eitruðu eðli karla og kúgun þeirra á ástkonum, dætrum, ömmum, langömmum, frænkum og vinkonum, frá upphafi vega: það er blessuð ástin, kúgunarástin, sem er sjálfur kúgunarkyndillinn. Ást karla hefur umhverfst í grimmd gegn konum. Skilningsleysi mínu virðast engin takmörk hafa verið sett.

Fraukurnar í ofbeldisiðnaðinum hljóta að staldra við og rýna enn á nafla sinn. Þyrftu þær að endurskoða trúarsannfæringu sína um „eitraða karlmennsku“ í ljósi kenninga Önnu Guðrúnar? Líklega hafa karlar ekki hugmynd um þá vöggugjöf sína að vera fæddir nauðgarar og misyndismenn kvenna, samkvæmt útlekkingum kvenfrelsunarfræðimanna. Ætli þeir séu með „kúgunarástareiturduld“?

Kvensálusorgararnir í ofbeldisiðnaði skattgreiðenda mættu líka hugleiða, hvort ekki mætti finna bóluþefni við slíkri duld. Pfizer væri þá áreiðanlega til í búa til hræruna, ef Katrín okkur falaðist eftir því og faðmaði forstjóran ofurlítið eins og Úrsúla. Því framangreinda kenningu mætti túlka sem svo að unnt væri að beina kúgaðri kvennaást til frelsunar karla frá sjálfum sér, án þess að gelda þá eða drepa. Það er svo sóðalegt. Það gæti líka falist í því hagræðing, því enn greiða karlar almennt hærri skatt en konur.

Kenningin er merkilegt framlag til píslarsögu kvenna frá árdögum tegundarinnar, „homo sapiens.“ Það hlýtur að koma að því, að Nóbelsnefndin veiti verðlaun fyrir framúrskarandi kenningar í kynja- eða kvenfrelsunarfræðum. Ég leyfi mér að trúá því, að hin ágæta fræðikona hljóti tilnefningu – að minnsta kosti.

(P.s. Ég vissi hreinlega ekki, að hinn mæti kvenfrelsari, Berglind Rós, væri pistlahöfundur hjá RÚV, en tek að sjálfsögðu undir hamingjuóskir hennar.)

https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2022-12-02-astarkrafturinn-skyrir-yfirrad-karla-yfir-konum?fbclid=IwAR2TrJHFUFMRZD7l_CbToh_TCuev4UIZd2EAo5Ui8kbXh3EkJ5DI2BR9aM

